

Bæjarráð: Ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda- Sunnuholt 5

Til : Hjördís Þráinsdóttir <hjordis@isafjordur.is>
Frá : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Heiti : Bæjarráð: Ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda- Sunnuholt 5
Málsnúmer : 2022100130
Málsaðili : Gauti Geirsson
Skráð dags : 27.10.2022 22:18:18
Höfundur : Bryndís Ósk Jónsdóttir

Bryndís Ósk Jónsdóttir
Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / bæjarritari

From: Gauti Geirsson
Sent: fimmtudagur, 27. október 2022 22:05
To: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Subject: Ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda- Sunnuholt 5

You don't often get email from gautigeirs@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Mig langar að senda eftirfarandi erindi á bæjarráð:

Á bæjarráðsfundi þann 03. október var samþykkt tillaga sviðsstjóra umhverfis og eignasviðs um niðurfellingu á gatnagerðargjöldum á tilgreindum lóðum innan Ísafjarðarbæjar á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar, sbr. 6. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjöld.

Í minnisblaði sviðsstjóra og verkefnastjóra umhverfis og eignasviðs, dagsett 30. september 2022 kom fram að niðurfellingin á gatnagerðargjöld næði til atvika þar sem um væri að ræða nýbyggingu íbúðarhúsnæðis við þegar byggðar götur í sveitafélaginu sem ekki þarf að leggja í frekari kostnað við gatnagerð.

Undanfarið höfum við, Gauti Geirsson og Elena Dís Víðisdóttir, unnið að breytingu á skipulagi og undirbúningi að nýrri lóð í Holtahverfi, nánar tiltekið í Sunnuholti 5. Holtahverfið er gróið hverfi en þar hefur ekki verið byggt lengi, síðasta nýbygging þar reis árið 1988. Lóðin sem um ræðir, Sunnuholt 5 er í enda Sunnuholts og eru nýttir við hana innviðir sem eru þegar til staðar, t.d. þarf ekki að leggjast í auka kostnað svo sem vegna gatnagerðar, gangstétta eða lýsingar.

Í því ljósi er óskað eftir afstöðu bæjarráðs um að Sunnuholt 5 falli undir fyrrnefnda lækkunarheimild um niðurfellingu á gatnagerðargjöldum

Bestu kveðjur Gauti Geirsson og Elena Dís Víðisdóttir